Náttúrufræðistofnun

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. september 2026

Málsnúmer: 202609-0004

IAS

Efni: Vatnsnesvegur, Húnaþingi vestra. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 3. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um Vatnsnesveg, Húnaþingi vestra.

Fyrirhugað er að endurbyggja Vatnsnesveg (711) á 10,2 km kafla frá Síðuvegi (716) að Hringvegi (1). Framkvæmdin er í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra. Áætluð efnisþörf nýs og endurbyggðs vegar er tæplega 167 þús. m^3 og er gert ráð fyrir að tæplega 9 þús. m^3 komi úr skeringum en tæplega 158 þús. m^3 komi úr námum. Vegagerðin áætlar að vegurinn verði endurbyggður á árinu 2027 og hægt verði að taka mannvirkið í notkun haustið 2027.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar liggur að stórum hluta innan veghelgunarsvæðis núverandi vegar. Það verður nokkuð mismunandi breitt, því vegurinn verður ýmist lagður á fyllingu eða í skeringu en skeringar verða almennt ekki miklar. Framkvæmdasvæði vegar verður á bilinu 12-57 m breitt. Einnig eru flestar námur fast við veginn svo framkvæmdasvæði þeirra rennur saman við framkvæmda svæði vegarins.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar liggur núverandi vegur í gegnum votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki æskilegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Skurðir eru meira og minna meðfram núverandi vegi og því verður ekki mikið viðbótar rask á votlendi vegna framkvæmdanna.

Hrísastör (*Carex adelostoma)*, sem er á válista og friðlýst, hefur fundist í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Hún vex í deigum hrís- og lyngmóum en ólíklegt er að framkvæmdir muni hafa áhrif á vaxtarstað hennar. Þá eru nokkrir fossar, sem einnig njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, í námunda við framkvæmdasvæðið. Við framkvæmdirnar þarf að gæta þess að ekki verði breytingar á rennsli og ásýnd sem gæti haft áhrif á fossana.

Efnistaka verður bæði úr námum sem eru á aðalskipulagi og nýjum námum og eru þrjár þeirra útvíkkun á skeringum sem fara þarf í vegna framkvæmdanna. Tvær námur hafa ekki verið nýttar áður, þær eru úr malarhjöllum undir tún rétt við veginn og þarf að breyta aðalskipulagi vegna þeirra. Einnig þarf að breyta aðalskipulagi vegna aukinnar efnistöku úr námunni Hörgshóll II en þar er unnin jökulruðningur

og ummyndaður bergkjarni. Náman er við vegstæðið og fram kemur að á svæðinu er smá deiglendi sem æskilegt er að hlífa ef hægt er.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki þörf á að hún fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur